

Ed.

132. Breytingartillögur

við frumvarp til laga um bráðabirgðahækkun á aðflutningsgjaldi.
Flutningsmaður Gunnar Ólafsson.

1. Eftir 1. gr. komi ný gr., sem verði 2. gr. svo hljóðandi:

Þá er lög þessi eru staðfest af konungi, skulu allir kaupmenn og aðrir, sem vínföng hafa með höndum og ætluð eru til sölu, skyldir að senda lögreglustjóra sínum, innan 20 daga, drengskaparvottorð um það, hve miklar birgðir þeir höfðu af hverri tegund áfengis, þá er lögin gengu í gildi. Skulu þeir þegar í stað greiða gjald af þessum birgðum, er jafngildir hækkun þeirri á flutningsgjaldi, sem lög þessi ákveða. Veita má lögreglustjóri áreiðanlegum kaupmönnum frest á þessu gjaldi, þó eigi lengur en 6 mánuði.

2. Töluröð greinanna breytist eftir þessu.